

Miðvikudaginn 11. janúar 1939.

Nr. 1/1938. **Verkamannafélagið Dagsbrún f. h. Vörubílstjóra-
deildar verkamannafélagsins Dagsbrúnar**
gegn

**Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. Reykjavíkur-
bæjar.**

Dómari nefndur af stefnda hrm. Lárus Jóhannesson í
stað Kjartans Thors.

Víðurkenndur kauptaxti stéttarfélags talinn jafngilda vinnu-
samningi. Ágreiningur um það hvort ákvæðisvinna sé
leyfileg.

Dómur.

Síðari hluta októbermánaðar f. á. mun bæjarverkfræðingur
Reykjavíkur hafa orðað það við stöðvarstjóra vörubílastöðv-
arinnar Þróttur, sem er deild verkamannafélagsins Dagsbrún-
ar, að Reykjavíkurbær mundi fyrst um sinn láta vörubílfreiðar
þær, er hann tæki í þjónustu sína úr nefndri vörubílstjóra-
deild, vinna í ákvæðisvinnu, og greitt mundi fyrir það eftir
gjaldskrá, sem bærinn hefði gert. Á fundi stjórnar vörubí-
stjóradeildarinnar 26. október s. l. var samþykkt ályktun þess
efnis, að mótmælt var fyrirhuguðum „akkorðstaxta“ og að
„leggja málið fyrir gerðardóm, ef þörf krefur“. Hinn 27. októ-
ber, en þann dag hófst vinna hjá bænum, eftir að bæjarverk-
fræðingur hafði tilkynnt bílstjórum þeim, er þátt tóku í vinn-
unni, að unnið yrði í ákvæðisvinnu og hún greidd eftir gjald-
skrá, er Reykjavíkurbær hefði sett, fóru stöðvarstjóri og gjald-
keri vörubílstjóradeildarinnar á fund bæjarverkfræðings og
mótmæltu framangreindu ákvæðisvinnufyrirkomulagi, og hinn
29. sama mánaðar var á fundi, er meðlimir stöðvarinnar héldu,

samþykkt að mótmæla „gjaldtaxta“ Reykjavíkurbæjar sem lögleysu og leggja málið, ef þörf krefði, fyrir „vinnudóm“, með því að framangreindar ákvarðanir Reykjavíkurbæjar væru brot á auglýstum og viðurkenndum kaup-taxta, sem samþykktur hefði verið á fundi vörubílstjóradeildar Dagsbrúnar 26. febrúar 1936. Þessa ályktun sína tilkynnti stjórn vörubílstjóradeildarinnar síðan stjórn verkamannafélagsins Dagsbrúnar með bréfi, dags. 1. nóv. s. l. Stjórn Dagsbrúnar ritar svo 10. s. m. bæjarráði Reykjavíkur. Mótmælir því, að hærinn hafi sett „nýjan kaup-taxta“ og gerir kröfu til þess, að bæjarráðið greiði framvegis eftir taxa vörubílstjóradeildarinnar frá 1936, og kveðst ella munu skjóta málinu til félagsdóms. Þessu bréfi svarar síðan borgarstjóri Reykjavíkur með bréfi, dags. 15. nóv. s.l. Mótmælir hann þar, að taxa vörubílstjóradeildarinnar hafi verið breytt af hálfu bæjarins, en „hinsvegar hefur verið ákveðið til reynslu, að akstur á grjóti og sandi til gatnagerðar í haust skuli unninn í ákvæðisvinnu eftir taxa, sem er settur með hliðsjón af taxa, sem hefur verið í gildi um nokkurt skeið við akstur á byggingarefni til bæjarins.“ Telur borgarstjórinn og í bréfi þessu, að tryggt sé, þó ákvæðisvinna sé upp tekin, að bílstjórar beri úr býtum kaup, sem sé fyllilega sambærilegt við tímakaupið eftir hinum auglýsta taxa.

Þessum úrslitum vildi vörubílstjóradeild Dagsbrúnar ekki una, og eftir að Alþýðusamband Íslands hafði með bréfi, dags. 10. des. s. l., neitað að reka mál þetta fyrir félagsdómi, höfðaði verkamannafélagið Dagsbrún fyrir hönd vörubílstjóradeildar félagsins mál þetta hér fyrir dómi með stefnu dags. 19. des. f. á., og gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, að ákvæðisvinnutaxti Reykjavíkurbæjar frá 27. október s. l. verði dæmdur ógildur, en *til vara*, að hann verði dæmdur ógildur að undanteknu ákvæði hans um sandkeyrslu. Svo krefst hann og þess, að sér verði tildæmdur málskostnaður hér fyrir dómi. Stefndi hefur aftur á móti krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að í áðurnefndum taxa vörubílstjóradeildar Dagsbrúnar frá 26. febrúar 1936 sé svo ákveðið, að frá og með 10. marz 1936 skuli taxti fyrir bíla deildarinnar vera kr. 5.00 um klukkustund í allri dagvinnu. Þessi taxti hafi verið auglýstur í Alþýðublaðinu 8. marz s. á., og hafi Reykjavíkurbær alla tíð greitt bílstjórum deildarinnar

kaup samkvæmt honum. Þá hafi Reykjavíkurbær og viðurkennt með áður greindu bréfi sínu, dags. 15. nóv. f. á., að hann væri bundinn við greindan taxta svo sem um vinnusamning væri að ræða. Sé bænum því óheimilt upp á sitt eindæmi að víkja frá vinnufyrirkomulags- og greiðsluákvæðum taxtans, enda sé óhagkvæmara fyrir bílstjórana, að fylgt sé því vinnufyrirkomulagi og þeirri gjaldskrá, sem bærinn hefur sett. Telur stefnandi, að ef Reykjavíkurbær hefði viljað breyta til frá áðurgreindum taxta vörubílstjóradeildarinnar, hefði hann orðið að segja upp samningnum með lögmaeltum fyrirvara, eða a. m. k. að fá samþykki vörubílstjóradeildarinnar á breytingunni.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að frá því á árinu 1930 hafi vörubílstjóradeildin „praktiserað“ ákvæðisvinnutaxta við sandkeyrslu frá sandnámi bæjarins við Elliðaár. Að vísu hafi Reykjavíkurbær aldrei látið vinna samkvæmt honum, heldur einungis byggingamenn í bænum, en hann telur, að ef Reykjavíkurbær noti ákvæðisvinnufyrirkomulagið við bílaakstur, sé hann bundinn við þenna taxta og megi ekki breyta til frá því, sem hann ákveði. Því geti stefnandi eftir atvikum sætt sig við ákvæði taxta bæjarins, en þó aðeins að því, er tekur til sandkeyrslu úr sandnámi bæjarins.

Stefndi hefir ekki mótmælt því, að taxti stefnanda frá 26. febrúar 1936 sé nú orðinn bindandi fyrir hann á sama hátt og um samninga á milli aðilja að þessu leyti væri að ræða. En hann telur, að með ákvörðun sinni um ákvæðisvinnu á s. l. hausti sé ekki á nokkurn hátt brotinn hinn auglýsti og viðurkenndi kauptaxti stefnanda, er um ræðir í máli þessu. Það sé mjög títt um vörubifreiðakeyrslu hér í bæ, að hún sé unnin í ákvæðisvinnu. Mikið af sandkeyrslu úr sandnámi bæjarins sé unnið á þann hátt, og flutningar á langleiðum muni allir fara fram með því fyrirkomulagi. Þá sé það og ljóst, að með því að stefnandi hafi á sínum tíma sett tvo taxta, annan varðandi tímavinnu og hinn varðandi ákvæðisvinnu, þá sé það ekki verulegt atriði af hálfu stefnanda, hvort fyrirkomulagið sé notað. Loks beri á það að líta, að gjaldskrá sú, sem hann fari eftir við greiðslu ákvæðisvinnunnar, sé þannig samín, að tryggt sé, að bifreiðastjórarnir beri aldrei minna úr býtum í ákvæðisvinnu en þeir myndu fá í tímavinnu, en hafi hins vegar möguleika til þess að bera mun meira frá borði, enda hefi reynslan orðið sú síðan á s. l. hausti.

Að því er varðar varakröfu stefnanda neitar stefndi því, að hann sé á nokkurn hátt bundinn við sandtaxtann frá 1930, þar sem hann hafi aldrei látið vinna samkvæmt honum né viðurkennt hann á annan hátt. Hins vegar hafi hann verið notaður til hliðsjónar, þegar hann (stefndi) samdi gjaldskrá þá, er hann greiðir ákvæðisvinnuna eftir.

Með tilliti til þess, að tímavinnutaxti stefnanda frá 26. febrúar 1936 er gerður og auglýstur nær hálfu þriðja ári fyrir gildistöku laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, að stefndi hefur allan þenna tíma greitt fyrir vörubifreiðaaakstur samkvæmt honum, að stefndi hefur í áður greindu bréfi sínu, dags. 15. nóv. f. á., komið svo að orði, að hann sjái ekki, að „bæjarráð gangi á samninga við bifreiðarstjóra“, og loks þess, að skilja verður málf lutning stefnda hér fyrir dómi svo, að hann vilji vera bundinn við oftnefndan taxa frá 26. febrúar 1936 sem um vinnusamning væri að ræða, þá verður, þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938, að allir samningar um kaup og kjör skuli vera skriflegir, að líta svo á, að hér hafi stofnast vinnusamningur milli málsaðilja, og heyri því ágreiningur um skilning á honum eða gildi hans undir úrlausn dóms þessa, samkvæmt 2. lið 44. gr. nefndra laga. Ber því að leggja dóm á mál þetta að efni til.

Eins og áður hefur verið minnt á og tekið er fram í stefnu málsins, hefur stefnandi síðan á árinu 1930 „praktiserað“ ákvæðisvinnutaxta við sandkeyrslu frá sandnámi bæjarins við Elliðaár, og mun hann allmikið notaður af byggingamönnum hér í bæ. Þá verður og að telja það upplýst, að mikið af bifreiðakeyrslu á langleiðum og flutningar ýmis konar fari að verulegu leyti fram í ákvæðisvinnu.

Að þessu athuguðu verður ekki talið, að tilgangurinn með taxtasetningu stefnanda 1936 hafi verið sá, að tryggja það, að bifreiðaaakstur vörubifreiða færi fram í tímavinnu, heldur hitt, að tryggja meðlimum sínum vissa lágmarksgreiðslu, sem sé 5 krónur fyrir hverja klukkustund. Meginatriði framangreinds vinnusamnings gagnvart stefnda var því það, að hann greiddi það lágmarkskaup, sem í honum greinir, og með því að telja verður sannað, að gjaldskrá sú, sem stefndi hefur greitt ákvæðisvinnuna eftir síðan í haust, hafi reynzt bifreiðarstjór-um jafn hagstæð og jafnvel hagstæðari en bæði sandkeyrslu-taxtinn frá 1930 og tímavinnukaupið, ber að taka sýknukröfu hans til greina.

Jafnvel þótt dómurinn hafi komið að þessari niðurstöðu, telur hann, að stefndi hefði átt að gera frekari tilraunir en upplýst er, að gerðar hafi verið, til að ná samkomulagi við vörubíladéild verkamannafélagsins Dagsbrúnar um hið breytta vinnu- og greiðslufyrirkomulag, og m. a. með tilliti til þess þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, vörubílastjóra-deildar verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1939.

Nr. 2/1939. **Friðjón Skarphéðinsson f. h. Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar**
 gegn

Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði.

Úrskurður.

Umboðsmaður stefnda hér fyrir dómi gerir kröfu til þess, að Sigurgeir Sigurjónsson, tilnefndur í dóminn af Alþýðusambandi Íslands sem varadómari, víki sæti í máli þessu, með þeirri aðalröksemd, að þar sem að verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði hafi verið vikið úr Alþýðusambandi Íslands, sé það ekki bært að tilnefna dómara í þessu máli.

Umboðsmaður stefnanda mótmælir því, að nefndur dómari víki, með því að ákvæði laganna um skipun dómsins séu algerlega tæmandi og réttur Alþýðusambandsins til tilnefningar óvæfengjanlegur.

Í 39. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, er kveðið á um það, hvernig félagsdómur skuli skipaður. Er þar tekið fram sérstaklega, að ef atvinnurekandi, sem ekki er í Vinnuveitendafélagi Íslands, sé málsaðili, þá skuli hann tilnefna mann í dóminn af sinni hálfu, enda víki þá sá dómari, sem tilnefndur er af Vinnuveitendafélagi Íslands. Í 48. gr. sömu laga eru ákvæði um það, hvenær dómara þeir skuli vika, sem tilnefndir eru af hæstarétti.